



Ársskýrsla fagdeildar í geðhjúkrun starfsárið 2018

Félagafjöldi: 148 meðlimir.

Stjórn fagdeildar á starfsárinu: Sólveig Daníelsdóttir (formaður)

Amalía Sörensdóttir, Fanný Hrund Þorsteinsdóttir (ritari), Gísli Kristófersson, Helga Vala Árnadóttir, Ingibjörg Hrönn Ingimarsdóttir (gjaldkeri).

Félagsgjald: Er 3000 kr. Á aðalfundi þann 5. apríl var ákveðið að innheimt yrðu tvöföld gjöld fyrir árið 2018 og voru sendir út reikningar með tveimur gjalddögum.

Stjórnarfundir: Samtals hafa verið haldnir fimm stjórnarfundir og hafa stjórnarmeðlimir að auki verið í samskiptum í gegnum tölvupóst og Basecamp.

Innlend starfsemi

Aðalfundur fagdeildarinnar var haldinn þann 5. apríl 2018 þar sem núverandi stjórn var kosin. Edda Björgvinsdóttir hélt fyrirlestur um Húmor (Húmor er dauðans alvara).

Auglýst var aðventustund í desember á vegum fagdeildarinnar en var felld niður vegna ónógrar þátttöku.

Innlendur styrkur frá Fih

Vegna veitinga á aðalfundi.

Vegna fyrirlesara.

Kostnaður vegna alþjóðlegs samstarfs.

Starf nefnda innan fagdeilda t.d. fræðslunefnda

Ekki eru starfandi nefndir innan fagdeildar geðhjúkrunarfræðinga eins og stendur.

Erlent samstarf

Samskipti við Horatio og PSSN (Hrönn Harðardóttir).

Ingibjörg Hrönn Ingimarsdóttir fór fyrir hönd fagdeildarinnar á HORATIO ráðstefnu evrópskra geðjúkrunarfræðinga sem haldin var í Færeyjum 10-12 maí 2018. Þar kynnti hún Gísli Kort sem var í framboði til stjórnarsetu fyrir stjórnarmeðlimum.

Hrönn Harðardóttir fór til Færeyja í september 2018 á stjórnarfund PSSN (samök norrænna geðjúkrunarfræðinga) til þess að skipuleggja ráðstefnu sem haldin verður á vegum þeirra í Færeyjum 19-21. september 2019.

Gísli Kort Kristófersson var kosinn í stjórn Horatio (samök evrópskra geðjúkrunarfræðinga) fyrir Íslands hönd.

30 mars. 2019

Sólveig Bjarney Daníelsdóttir, formaður fagdeildar geðjúkrunarfræðinga